

Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Bt. Auðar D. Kristinsdóttur
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 13.09.2023

Málefni: Fyrirspurn, tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu við Dalveg 30-30b.

Fyrir hönd lóðarhafa, Merkúr ehf (kt. 570407-1120) að lóðinni við Dalveg 30 (L172918), er hér lögð fram fyrirspurn til skipulagsráðs Kópavogsbæjar vegna óverulegrar deiliskipulagsbreytingar fyrir lóðina.

Stærðir, byggingarmagn og nýtingarhlutfall gildandi deiliskipulags:

Lóðarstærð 20.688 m²
Nýtingarhlutfall 0,8
Byggingarmagn 16.500 m²
Byggingarmagn neðanjarðar 4.000 m²
Hæð bygginga 3-5 hæðir
Bílastæði 470

Deiliskipulagsbreyting

- Sótt er um að breyta lögun byggingarreita ofanjarðar til að betur megi þjóna þörf fyrirtækja sem hafa sýnt reitnum áhuga, byggingarmagn og hæðir húsa óbreytt.
- Byggingarreitur bílakjallara stækkaður og heimild til að koma þar fyrir allt að 250 stæðum neðanjarðar í stað 140 eins og gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi. Heildarfjöldi bílastæða helst óbreyttur.
- Heiti húsa breytt úr 30a, b og c í 30, 30a og 30b.

Stærðir, byggingarmagn og nýtingarhlutfall tillögu:

Lóðarstærð 20.694 m² (lóð er stærri samkv. mæliblaði og fasteignaskrá)
Nýtingarhlutfall 0,8
Byggingarmagn 16.555 m² (leiðrétt miðað við lóðarstærð)
Byggingarmagn neðanjarðar 14.000 m²
Hæð bygginga 3-5 hæðir
Bílastæði 470

Virðingarfyllst,


Andri Klausen arkitekt FAÍ